

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 5. október 2017 - R17100004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
R17100024	Bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 28.9.'17, varðandi starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2018 - TRÚNAÐARMÁL	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R17100039	Erindi Vigdísar Pálsdóttir, dags. 4.9.'17, varðandi lóð að Bergstaðastræti 18.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R17080142	Bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 28.9.'17, með ósk um að færa fjölmeningardag til menningar- og ferðamálasviðs.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.

R17100039

From: **Vigdís Pálsdóttir** <vigdis.hrefna.palsdottir@gmail.com>
Date: 2017-09-04 9:40 GMT+00:00
Subject: Bréf til borgarráðs og varamanna þeirra 1.hluti af 2.
To: upplysingar@reykjavik.is

Góðan dag.

Þannig er mál með vexti að ég, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, og maðurinn minn, Örn Úlfar Höskuldsson húsasmiður, vorum að kaupa hús sem stendur í Hvassahrauni á Vatnsleysuströnd en stóð áður við Bergstaðastræti 7 í miðborg Reykjavíkur. Við höfum mikinn áhuga á að flytja þetta hús aftur á Bergstaðastrætið og gera það upp í upprunalegri mynd. Þar sem Reykjavíkurborg á tvær flutningshúsalóðir við Bergstaðastrætið, nr.18 og nr.31 leitum við til ykkar. Við vitum af rammisamningi borgarinnar við Minjavernd um lóðina að Bergstaðastræti 18.

Ástæður þess að lóðin á nr.18 hentar sérlega vel fyrir fyrrum Bergstaðastræti 7 eru t.d. stærð hússins. Það er 58fm að grunnfleti að bíslaginu meðtöldu og yrði sett á háan kjallara eins og það var upphaflega. Því myndi mænirinn á húsinu nema við mæni hússins við hliðina á, Bergstaðastrætis 20. Húsið yrði einungis 100 metrum frá upprunalegri staðsetningu og myndi mynda heillega og fallega götumynd með húsunum í kring. Það væri líka hentugra að lóðin á nr.31 fengi aðeins minna hús, þar sem húsin beggja vegna við eru talsvert minni en þau á 20. og 16.

Minjavernd hefur lóðina á B18 til umráða en ekkert hús sem er í viðeigandi stærð til að setja á hana. Húsin í þeirra eigu eru minni. Því leitum við til ykkar að semja við Minjavernd, sem er jú að stórum hluta í eigu borgarinnar, um að fela borginni aftur í hendur flutningshúsalóðina að Bergstaðastræti 18. Það er í hag borgarinnar og götunnar sjálfar að fá fyrrum Bergstaðastræti 7 aftur í götumyndina á þessum stað, Minjavernd gæti þá t.d.fengið í staðinn Bergstaðastræti 31.

Húsið sem um ræðir, Bergstaðastræti 7, er byggt 1902 og var í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi og þar til það var flutt út í Hvassahraun 1967. Í kjallara þess var fyrirtækið Pfaff stofnað 1929.

Húsið lítur ekki vel út, gluggarnir flestir augnstungnir, bárujárn farið að fjúka af þaki o.s.frv. en engu að síður er margt mjög heillegt í því. Upprunalegar tvöfaldar útihurðir á gaffli eru heilar sem og okahurð að aftan. Stiginn er heill og mjög fallegur, húsið er klætt að innan með kúlupanel sem er að mestu leyti heill. Ljósarofar eru upprunalegir og dúkar enn yfir gólfborðum. Semsagt, allt sem fólk sem elskar gömul hús heillast af, er meira og minna heilt. Hlutir sem fást ekki keyptir út í búð eða endurgerðir. (sjá meðfylgjandi myndir)

Húsið er að grunnfleti 58 fm með bíslagi, jarðhæð, hæð og ris, samtals 156fm. Við hefðum ekki áhuga á að byggja við húsið heldur gera það upp í upprunalegri mynd, halda öllu sem heillegt er og endursmíða það sem er ónýtt.


Örn Úlfar er húsasmiður að mennt og starfi og hefur verið að vinna að uppgerð gamalla húsa undangengin ár, m.a. að okkar eigin húsi, Bergstaðastræti 20, sem hafði staðið tómt um árabíl þegar við keyptum það 2011 og síðan þá höfum við verið að færa það í upprunalegt horf. Það er skemmtileg tilviljun að Örn hefur verið í sumar að gera upp hús við Bergstaðastræti 40 sem er nánast alveg eins og það sem stendur út í Hvassahrauni, það mun koma sér vel í uppgerð hússins nr.7. Vigdís er ritari Torfusamtakanna og áhugamanneskja um uppgerð, varðveislu og menningargildi gamalla húsa að ógleymdu aðdáandi Bergstaðastrætisins sjálfs þar sem hún er fædd, uppalin og býr í dag. Gaman væri að færa götunni aftur týndan sauð, koma lóð sem hefur verið í órækt og óstandi um árabíl í fallegt horf og setja Bergstaðastræti 7 á Bergstaðastræti 18.

Kærar þakkir,

Vigdís Hrefna og Örn Úlfar


p.s. Meðfylgjandi eru myndir af húsinu, utan sem innan, video innan úr húsinu, teikning af framhliðinni og mynd af húsinu þar sem það stendur við Bergstaðastrætið.























Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Ósk um að færa fjölmeningardag frá mannréttindaskrifstofu til menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur

Á fundi mannréttindaráðs dags. 26. september sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Mannréttindaskrifstofa óskar eftir að undirbúningur að Fjölmeningardegi Reykjavíkurborgar verði færður frá mannréttindaskrifstofu til höfuðborgarstofu. Viðburðurinn verði framvegis unninn á höfuðborgarstofu í samstarfi við mannréttindaskrifstofu. Mögulegt væri að viðburðir Fjölmeningadags Reykjavíkurborgar yrðu haldnir samhliða öðrum viðburðum Reykjavíkurborgar til að mynda Menningarnótt, 17. júní, Hönnunarmars og/eða öðrum viðburðum borgarinnar. Kostnaður vegna viðburðarins hefur verið 1.500.000 og hefur verið greiddur af mannréttindaskrifstofu.

Greinagerð fylgir tillögunni. Mannréttindaráð vísar tillögunni til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri

Tillaga

Mannréttindaskrifstofa óskar eftir að undirbúningur að Fjölmeningardegi Reykjavíkurborgar verði færður frá mannréttindaskrifstofu til höfuðborgarstofu.

Viðburðurinn verði framvegis unninn á höfuðborgarstofu í samstarfi við mannréttindaskrifstofu. Mögulegt væri að viðburðir Fjölmeningadags Reykjavíkurborgar yrðu haldnir samhliða öðrum viðburðum Reykjavíkurborgar til að mynda Menningarnótt, 17. júní, Hönnunarmars og/eða öðrum viðburðum borgarinnar.

Kostnaður vegna viðburðarins hefur verið 1.500.000 og hefur verið greiddur af mannréttindaskrifstofu.

Greinargerð

Fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 2009 og hefur fest sig í sessi sem einn af föstum viðburðum Reykjavíkurborgar.

Viðburðurinn skiptist í skrudgöngu, skemmtiatriði og markað, þar sem kynnt er handverk, hönnun, matur og menning frá hinum ýmsu löndum. Einnig hafa félagasamtök og þjónustustofnanir sem starfa að málefnum innflytjenda kynnt sína starfsemi á þessum degi.

Verkefnið hefur vaxið mjög frá því þegar viðburðurinn var haldinn í fyrsta sinn fyrir 8 árum. Gestir á hátíðinni voru fyrstu árin um 5.000 en síðustu ár hafa þeir verið um 15.000 manns.

Mannréttindaskrifstofa hefur hingað til borið ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd Fjölmeningardagsins í samvinnu við grasrótarsamtök innflytjenda í borginni. Um það bil 40 félagasamtök og þjóðarhópar hafa tekið þátt í Fjölmeningardeginum.

Undirbúningur dagsins krefst sífelld meiri vinnu af hálfu starfsmanna mannréttindaskrifstofu og meiri reynslu af viðburðastjórnun en mannréttindaskrifstofa býr yfir.

Markmið Fjölmeningardags Reykjavíkurborgar og innflytjendasamfélagið

Markmið Fjölmeningardagsins hefur verið að fagna þeirri fjölbreyttu flóru mannlífs sem borgin býr yfir. Dagskráin hefur ávallt tekið mið af því að bæði félagasamtök og einstaklingar taki þátt. Grasrótarfélögum og stofnunum sem vinna að málefnum innflytjenda hefur einnig verið boðin þátttaka þeim að kostnaðarlausu til að kynna sína starfsemi.

Fjölmeningardagur var til umræðu á Fjölmeningarþingi 2017. Þátttakendur þingsins voru spurðir í stuttri könnun hvort þeir teldu núverandi fyrirkomulag Fjölmeningardagsins endurspeglar nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Af þeim sem

svöruðu töldu 47% (25 af 53) Fjölmeningardaginn ekki vera að ná tilætluðum markmiðum í núverandi mynd eða töldu sig ekki vita hvort svo væri.

Þá töldu 40 af 53, eða 75%, ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styrkja innflytjendur til að taka þátt í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar. Það kom þó skýrt fram í umræðum vilji til að gera hvort tveggja, þ.e.a.s. halda Fjölmeningardaginn en leitast við að nota daginn til að styrkja innflytjendur á fjölbreyttari hátt.

Dagskrá

Fjölmeningardagurinn hefur hafist með fjölmeningargöngu sem fer frá Hallgrímskirkju að ráðhúsi/Hörpu. Í göngunni taka þátt íbúar Reykjavíkurborgar ásamt ýmsum samtökum innflytjenda á Íslandi.

Í lok göngunnar hefst alþjóðlegur markaður inni Ráðhúsi/Hörpu, þar sem kynnt er handverk, hönnun og menning frá hinum ýmsu löndum. Síðastliðin tvö ár hefur sérstakt matartjald verið sett upp úti við Hörpu til þess að kynna matarmenningu ýmissa hópa.

Þátttaka

Fyrsta árið, árið 2009, voru gestir um 5000 á dagskrá hátíðarinnar. Þá var viðburðurinn haldinn í Ráðhúsi og Iðnó. Árin 2010 til 2012 var viðburðurinn með sama sniði.

Árin 2013 til 2015 var hátíðin haldin í Ráðhúsi, Iðnó og Tjarnarbíói en vegna mikilla þrengsla á hátíðinni var viðburðurinn færður í Hörpu árið 2016.

Á árunum 2016 og 2017 voru gestir á milli 15 til 20 þúsund manns.

Árið 2017 fóru hátíðahöldin fram í Flóa, Silfurbergi og í veislutjaldi fyrir utan Hörpu.

Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities)

Þegar horft er til hugmyndafræði Fjölmeningarborga endurspeglar Fjölmeningardagur Reykjavíkurborgar ákveðinn velvilja í garð fjölbreytni og fjölmeningar. Hætta er þó á að núverandi áherslur dagsins ýti undir einsleitar staðalmyndir innflytjenda. Áherslur Fjölmeningardags hafa að miklu leyti einskorðast við þjóðleg formerki s.s. þjóðbúninga-, dans- og matarmenningu ákveðinna hópa.

Birtingarmyndir innflytjenda eru ótal margar og einskorðast ekki við þjóðmenningu hinna ýmsu landa. Hugmyndafræði Fjölmenningsborga mælir því með að viðburðir séu ekki haldnir eingöngu undir þjóðlegum formerkjum minnihlutahópa. Slíkt myndi verða mögulegt með aukinni þátttöku innflytjenda í öðrum viðburðum borgarinnar.